

Fundargerð 53. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu 13. maí 2019, kl. 10:30

Dagskrá:

1. Mat á framkvæmd sóknaráætlana landshluta 2015-2019
2. Erindi samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra til stýrihópsins, dags. 9. apríl sl.
3. Reiknilíkan að útteilingu fjármuna milli landshluta
4. Nýir sóknaráætlunarsamningar
5. Byggðaaætlun 2018-2024
6. Önnur mál

Mættir: Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (SRN), Björn Helgi Barkarson (UAR), Bryndís Þorvaldsdóttir (HRN), Guðmundur Bjarni Ragnarsson (DMR), Karitas Gunnarsdóttir (MRN, mætti 10:40), Karl Björnsson (Sambandinu, fór 11:20), Pétur Berg Matthíasson (FOR), Sigríður Valgeirsdóttir (ANR, fór 11:10), Þór Þórarinnsson (FRN, mætti kl. 11:05), Þórarinn Sólmundarson (MRN), Unnur Valborg Hilmarsdóttir (landshlutasamtökunum) og Sigríður K. Þorgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

Fjarverandi: Arnar Freyr Einarsson (ANR), Árni Freyr Stefánsson (SRN), Hrunn Hafsteinsdóttir (UTN), Sigurður Guðmundsson (FJR).

Fundargerð 52. fundar hafði verið send fundarmönnum og samþykkt fyrir fundinn.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Mat á framkvæmd sóknaráætlana landshluta 2015-2019

Fundarmenn höfðu fengið senda skýrslu um mat á framkvæmd sóknaráætlana landshluta 2015-2019, sem Evris vann fyrir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið. Það er mat Evris að framkvæmd sóknaráætlana hafi almennt tekist vel, en jafnframt er bent á nokkur atriði sem betur mættu fara og lagðar fram tillögur til úrbóta. Nokkrar umræður urðu um skýrsluna og fundarmenn sammála um að hún sé gott innlegg fyrir undirbúning nýrra sóknaráætlanasamninga, sem og fyrir framkvæmd nýrra sóknaráætlana. Skýrslan verður send landshlutasamtökum sveitarfélaga og sett á netið.

2. Erindi samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra til stýrihópsins, dags. 9. apríl s.l.

Formaður rifjaði upp fund stýrihóps frá 15. apríl þar sem erindi samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra til stýrihópsins um endurnýjun sóknaráætlanasamninga var rætt. Jafnframt upplýsti formaður að hann hefði átt fund með umhverfis- og auðlindarráðherra um málið og að fyrirhugaður væri fundur með stjórnendum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis. Formaður hefur óskað eftir að fulltrúar stýrihópsins fari yfir málefna svið sinna ráðuneyta með það til hliðsjónar hvort tengja megi verkefni með beinum hætti við sóknaráætlunir, enda leiði það til valdeflingar landshlutanna. Formaður ítrekaði að upplýsingar þurfi að berast fyrir 20. maí, þar sem stefnt er að því að fara með málið fyrir ríkisstjórn fyrir lok maí. Fulltrúi forsætisráðuneytisins fór yfir afstöðu ráðuneytisins gagnvart samningnum, sérstaklega með tilliti til heimsmarkmiða SP.

3. Reiknilíkan að útteilingu fjármuna milli landshluta

Formaður upplýsti að vinnuhópur um reiknilíkanið hafi hist nokkrum sinnum. Verið er að vinna með sömu mælikvarða og 2015, en þeir eru: íbúafjöldi, vinnusóknarsvæði, íbúapróun, fjarlægð frá Reykjavík, útsvar og atvinnuleysi. Reiknilíkanið verður kynnt landshlutasamtökunum áður en það fer fyrir ríkisstjórn. Rætt var um æskilegt sé að reiknilíkanið verði endurskoðað á tímabilinu og það liggi fyrir hverjar forsendur og röksemdir eru að baki.

4. Nýir sóknaráætlunarsamningar

Formaður hafði sent fundarmönnum fyrstu drög að nýjum samningum. Gert er ráð fyrir að samningarnir verði til fimm ára, árin 2020-2024. Talsverðar umræður urðu um þennan lið. Formaður vann áfram með drögin og sendir stýrihópnum. Stefnt er að því að senda landshlutasamtökunum samningana til umsagnar í byrjun júní.

5. Byggðaáætlun 2018-2024

Formaður skýrði frá því að verkefni byggðaáætlunar gangi vel og samstarfið um áætlunina sé gott.

6. Önnur mál

a) Greinargerð um framvindu samninga og ráðstöfun fjármuna 2018

Verkefnisstjóri gerði grein fyrir stöðu mála varðandi greinargerð sóknaráætlana fyrir 2018.

b) Kynning á þjónustukortinu

Formaður minnti á kynningarfund sem fulltrúar stýrihópsins hafa verið boðaðir á miðvikudaginn, 15. maí og hvatti þá til að mæta.

c) Samráðsfundur stýrihóps og landshlutasamtaka sveitarfélaga

Rætt var um næsta samráðsfund stýrihópsins með formönnum og framkvæmdastjórum landshlutasamtakanna, en hann er enn ótímasettur.

d) Næsti fundur stýrihópsins

Næsti fundur stýrihópsins hefur verið boðaður mánudaginn 27. maí.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:55